



Skútustaðahreppur

Skólanefnd

7. fundur

10. desember 2015

Kl. 15:00-16:40

Mætt: Arnar Halldórsson, Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Þuríður Helgadóttir og Þuríður Pétursdóttir. Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara sátu fundinn.

1. Fjárhagsáætlun 2016 fyrir grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Drög lögð fram, liggja fyrir samþykkt sveitarstjórnar 15. desember n.k. Mistök komu fram í gögnunum og verða ný gögn send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti. Stærstu breytingar á milli ára eru væntanlegt viðbótar stöðugildi í leikskóla vegna aukins barnafjölda og endurnýjun á tölvukosti Reykjahlíðarskóla. Gert er ráð fyrir 14M í breytingar á húsnæði grunnskóla vegna flutnings leikskóla í Reykjahlíðarskóla. Umræða um hagræðingu í akstri starfsmanna sem þiggja aksturspaninga, samkeyrslu, nýtingu skólabíls og skipulag vinnu. Áhugavert væri að sjá hversu mikill kostnaður er í raun, af því sem hann gæti verið innan þess ramma sem greitt hefur verið eftir.
2. Gjaldskrárbreytingar. Drög til umræðu, fundurinn tók vel í það sem þar kom fram.
3. Húsnæðismál skólanna, staðan. Unnið er að flutningi leikskóla upp í Reykjahlíðarskóla. Stefnt er að flutningi elstu barna þegar upp úr áramótum en framkvæmdir vegna breytinga á húsnæði fari fram næsta sumar.
4. Tónlistarskólinn. Jaan Alavere hefur sagt stöðu sinni lausri og verið að leita að nýjum í hans stað, verður auglýst.
5. Vinabæjarsamstarf Sör-Fron. Ef skólarnir sjá færi á samvinnu yrði það vel séð af hálfu sveitarstjórnar, en það byggir á styrkjum vegna þess að ekkert fé er ætlað til vinabæjarsamskipta á komandi ári. Annað erlent samstarf er skipulagt af hálfu Reykjahlíðarskóla í vetur og ekki líklegt að frumkvæðið verði af hálfu skólanna hér.
6. Forgangsröðun á inngöngu barna í leikskóla. Gögn lögð fram og samþykkt með breytingum.
7. Önnur mál
 - a. Næsti fundur skólanefndar. Verði haldinn fimmtudaginn 21. janúar 2016 kl 15.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir